

HÚSÖNDIN

47.tbl. 2.árg.
23.jan.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 24.-30. JANÚAR

24.1 *Aðalbjörg Birgisdóttir*

25.1 *Sandra Joanna Rogozinska*

26.1 *Paulina Ewa Sobieszko*

27.1 *Valur Hólm Sigurðarson, Hólmgeir Böðvarsson*

29.1 *Gústaf Jóhannsson, Margrét Halla Lúðvíksdóttir,
Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir*



Opið hús

Björgunarsveitin Stefán verður með opið hús á Múlavegi 2 sunnudaginn 27. janúar milli klukkan 15 og 17. Björgunarsveitin mun sýna tækjabúnað sinn, bæði ný og eldri tæki ásamt nýjum bíl sem sveitin fékk nýlega afhentan. Kaffi og vöffur verða í boði.

Viljum við þakka öllum sem hafa styrkt starf björgunarsveitarinnar og gert okkur kleift að halda úti öflugum búnaði. Hvetjum sem flesta til að koma og kynna sér starf björgunarsveitarinnar.

Stjórnin

Auglýsing um breytingu á aðal- og deiliskipulagi



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 12. desember 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar og samhliða breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, skv. 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tílefni breytingarinnar er breytt lega á Kröflulínu 3 í nánd við Kröflustöð. Breytingin felst í því að lega línunnar breytist frá Sandabotnaskarði að Kröflustöð og er breytt lega línunnar færð inn á deiliskipulagsuppdrætti A og B. Þá eru mannvirki sem byggð hafa verið á skipulagssvæðinu frá því deiliskipulagið öðlaðist gildi færð inn á deiliskipulagsuppdrátt B. Um er að ræða tengivirki innan byggingarreits við Kröflustöð og viðbyggingu við starfsmannahús sem einnig er innan byggingarreits. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla sem er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Samhliða er lögð fram breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem felst í breyttri legu Kröflulínu 3 og fjórum nýjum efnistökusvæðum hennar vegna. Við hönnun og umhverfismat línunnar var valin línuleið sem víkur frá núgildandi aðalskipulagi næst Kröflustöð auk þess sem óveruleg breyting er á legu línunnar um 6-7 km austan Kröflusvæðisins.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 25. janúar 2019 til og með föstudeginum 8. mars 2019. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsiðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 8. mars 2019. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast þeim samþykkir.

Guðjón Vésteinsson
Skipulagsfulltrúi



Kæru sveitungar

Jarðböðin verða lokað fimmtudaginn 24. janúar og föstudaginn 25. janúar vegna viðhalds en Kaffi Kvika verður opin. Þá verður böðunum og Kaffi Kviku lokað kl. 18:00 laugardaginn 26. janúar.

Bestu kveðjur úr Jarðböðunum!

Íslenska-Icelandic Course in Mývatn

Starting soon:

Íslenska 1A - for beginners

Íslenska 1B - for beginners

Íslenska fyrir lengra komna



Taught on Mondays and Fridays

Sign up at: ditta@hac.is

Price: 21.000 kr.

Teacher : Sólveig Jónsdóttir



Þekkingarnet
Þingeyinga



Mývetningur; leiklistardeild í samvinnu við Menningarfélagið Gjallandi og Foreldrafélag skólanna í Mývatnssveit hefur verið í vetur að undirbúa að setja upp leikrit í Skjólbrekku.

Við erum komin með leyfi til að nota aðstöðuna í Skjólbrekku til æfinga og eins sýninga ásamt erum við með umsóknir í gangi varðandi styrki til að fjármagna verkefnið.

Við blásum því til sýningar á tjaldinu í Skjólbrekku á Leirhausnum sem var einmitt frumsýndur í Skjólbrekku annan í páskum 1982 en Leirhausinn er gamanleikrit eftir Starra í Garði en tónlistin er eftir sr. Örn Friðriksson. Leikstjóri var Þráinn Þórisson. og var sýningin m.a. einnig sýnd m á Þórshöfn og Vopnafirði.

Ekki verður sýnt allt leikritið (það er 1 klukku tími og 51 mínúta) heldur 15 mín brot aðeins til að kveikja í fólki áhugann.

Eftir sýningu langar okkur til að setjast niður með sem flestum ykkar sem hafa áhuga að taka þetta verkefni lengra með okkur hvort sem áhugi er að leika, leikstýra, syngja, byggja leikmynd, búningar, förðun og fleira.

Nemendur Reykjahlíðarskóla eru velkomnir til að mæta líka og vera með.

Sjáumst eftir viku í Skjólbrekku
30.janúar 2019 klukkan 20:00,

Leiklistarnefndin



Tilboð á árskortum í líkamsræktina á laugardaginn

Laugardaginn 26. janúar verður Heilsueflandi dagur í Íþróttamiðstöðinni.

Ókeypis verður í líkamsræktina á opnunartíma frá kl. 10:00-16:00.

Tilboð verður á árskortum í líkamsræktina (árskort á 31.000 kr.).


Athugið, tilboðið gildir aðeins þennan eina dag.

Lykilkort - Lengri opnunartími:

Hægt er að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma. Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl. 5.30 á morgnana og til kl. 23.00 (hægt að vera í ræktinni til miðnættis). Með þessu móti er vinnandi fólki, ekki síst þeim sem eru í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi.

Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.

Íþróttamiðstöðin



VISKÍ 101 - GRUNNNÁMSKEIÐ-

Veistu hvað þú ert að drekka? Þekkir þú söguna?

Er viskíð gullið eða rafgullið? Er það einmöltungur eða blandað?

Er það Highland eða Lowland? Hvað er Speyside og Islay?

Á námskeiðinu er farið í söguna, upphaf viskíframleiðslu og þróun til dagsins í dag. Lönd og svæði skoðuð, en áhersla er samt á Skotlandi. Einnig spáð í Búrbon og rúgvíski.

Á námskeiði eru prófaðar sirka 9 tegundir, meðan glærusýning er keyrð og spallað um það, sem menn langar að vita meira um.

Hvenær: 8.feb kl.20

Hvar: Skjólbrekka

Kostar: 8000kr.

Skráning: ditta@hac.is



Um Snorrann:

Snorri Guðvarðsson er málaramestari á Akureyri, sem hefur sérhæft sig í vinnu við friðuð hús og þá aðallega kirkjur. Þar snýst vinnan um viðar- og marmaramálun, gyllingu og og alls kyns skreytingar, ásamt vinnu með línólíumálningu og önnur efni fyrri tíma. Hann hefur líka verið í hljómsveitum frá unga aldri og var m.a. í Hljómsveit Ingimars Eydal í 14 ár. Fékk á fullorðinsárum áhuga á viskí og öllu, sem það snertir. Hann hefur verið með kynningar fyrir umboðin, ásamt námskeiðum m.a. fyrir simey.is, farskolinn.is ásamt alls kyns námskeiðum fyrir klúbba, félagasamtök, vinnu- og vinahópa, starfsmannafélög o.s. frv.





Aðstoð í eldhúsi við Reykjahlíðarskóla

Starfskraft vantar í afleysingar í eldhúsi Reykjahlíðarskóla.

Vinnutími frá kl. 9:00 -14:00 virka daga.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun samkvæmt kjarasamningi Framsýnar.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

Sími 464-4375

Tölvupóstur: soljon@reykjahlidarskoli





Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum

– Fyrsta skipulagða ókeypis rútuferðin á laugardaginn –

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmennta í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Fyrirkomulagið hefur þegar tekið gildi. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Vetraropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 9:30
- Laugardaga -14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

Rútuferð í sund – Fyrsta rútuferðin á laugardaginn:

Síðasta laugardag í mánuði býður Skútustaðahreppur upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur, sem hér segir:

- **26. janúar** - 23. febrúar - 30. mars - 27. apríl - 25. maí

Skyllt er að skrá sig í hverja ferð fyrir sig í síðasta lagi sólarhring fyrir brottför. Nánari upplýsingar um ferðirnar og fyrirkomulag þeirra verða gefnar út á heimasíðu og Facebook síðu sveitarfélagsins fimmtudaginn 24. janúar. Fylgist vel með!

Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.